

um frv. til laga um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er ekki á einu máli um afgreiðslu frv. Meiri hluti nefndarinnar vill stuðla að framgangi málsins, en undirritaður minni hluti (RÞ og GÍG) getur ekki á það fallizt.

Frumvarpið ákveður, að söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og benzíni skuli vera hið sama um land allt. Vegna mismikils flutningskostnaðar til hinna ýmsu staða á landinu verður þessu ekki við komið nema með verðjöfnun. Til þess að koma verðjöfnuninni við, ákveður frumvarpið sérstakan nýjan innflutningstoll á olíu og benzín, sem frumvarpið nefnir verðjöfnunargjald. Skal verja þessum nýja tolli til niðurgreiðslu á flutningskostnaði þess, svo sem með þarf til þess að einu verði sé náð um land allt. Mundi þetta leiða til þess, ef frv. næði fram að ganga, að verð á olíum og benzíni hækkaði mjög verulega í Reykjavík og við Faxaflóa, en lækkaði nokkuð á öðrum stöðum. Er talið, að útsöluverð á benzíni mundi hækka í Reykjavík og nágrenni um ca. 4.5 aura pr. lítra við verðjöfnunina, en lækka um ca. 2.5 aura í birgðastöðvum úti á landi og frá öðrum benzínælum um allt að 6.5 aura á lítra. Á sama hátt er talið, að verð á brennsluolíum mundi hækka um ca. 48 kr. pr. tonn í Reykjavík og við Faxaflóa, en lækka um ca. 52 kr. pr. tonn á öðrum stöðum í landinu. Gasolía mundi hækka í Reykjavík um 3 aura pr. lítra og um 2 aura á Faxaflóahöfnum.

Leitað hefur verið umsagna L. Í. Ú. og oliufélaganna um frv., og eru umsagnir þessara aðila birtar á þskj. 413 og 523. Kemur greinilega fram í umsögnum þessum, að þessir aðilar eru andvígir frv., og færa þeir sterk rök fyrir máli sínu. Er ekki ástæða til að rekja þessar umsagnir hér, en þó skal á það bent, að L. Í. Ú. leitaði umsagna allra meðlima sambandsins um verðjöfnunina, eftir að aðalfundur þess hafði lýst sig andvigan henni með miklum meiri hluta atkvæða, og varð aðeins eitt sambandsfélaganna til að mæla með henni. Útvegsmannafélögin í Reykjavík og Keflavík mótmæltu verðjöfnuninni mjög eindregið og tóku þannig afstöðu með ákvörðun aðalfundar L. Í. Ú. Bendir þessi niðurstaða til þess, að á meðal útvegs- manna finnst fáir, er áhuga hafa á verðjöfnun, en margir, er séu henni gersamlega andvígir. Það er og athyglisvert, að oliufélögin leiða að því sterk rök, að verðjöfn- unin muni hækka heildarflutningskostnað á olíum og benzíni, þar eð færri muni leggja sig fram um að taka benzín og olíur þar, sem flutningskostnaður er lægstur, eftir að eitt útsöluverð er komið á um land allt.

Að sjálfsgöðu ber að stuðla að því að halda niðri verði á benzíni og olíum svo sem frekast eru tók á og léttu undir með þeim, sem við dýrastan flutningskostnað eiga að búa. Slikt ber að gera með beinni aðstoð hins opinbera og framlögum úr ríkissjóði, en ekki með álögum á þá eina, sem starfa og búa í Reykjavík eða við Faxaflóa. Útgerðin við Faxaflóa er þess alls ekki umkomin að taka á sig slíkar álögur, enda er ekki gert ráð fyrir þeirri verðhækkun á olíum, sem leiða mundi af samþykkt frv., í þeim útreikningum, sem lagðir voru til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar um rekstrarafkomu bátaflotans.

Síðan frv. þetta var borið fram, hefur hæstv. ríkisstj. tekið að sér að tryggja 4 aura lækkun á oliuverði til lausnar á vinnudeilunni, sem leystist 19. des. s. l. Þetta loforð ríkisstj. var ákvörðunarástæða atvinnurekenda og verkamanna ásamt öðru fleira, er þeir samþykktu miðlunartillögu sáttanefndarinnar. Samþykkt þessa frv. nú og sú verðhækkun á olíu, sem af því leiddi á þeim stöðum, sem verkfallið var viðtækast, væri ótvíræð vanefnd á þessu loforði ríkisstjórnarinnar.

Að öllu þessu athuguðu leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem samþykkt frv. mundi hafa í för með sér verulega röskun á því sam- komulagi, sem leiddi til lausnar vinnudeilunnar 19. des. s. l., og þar sem samþykkt þess mundi raska verulega kostnaðaráætlunum þeim, sem lagðar eru til grundvallar í viðræðum L. Í. Ú., frystihúsaeigenda og ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja út- gerð bátaflotans á vetrarvertíðinni, og þar sem fullvíst er, að hvorki bátaútvegurinn né togaraútgerðin við Faxaflóa geta tekið á sig þann aukna rekstrarkostnað, sem af samþykkt frv. mundi leiða, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. jan. 1953.

Rannveig Þorsteinsdóttir,
form.

Guðm. Í. Guðmundsson,
frsm.